

GJALDSKRÁ

fyrir Hvammstangahöfn – Hafnarsjóð Húnaþings vestra.

Gildissvið.

1. gr.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir Húnaþing vestra og er sett samkvæmt heimild í 17. gr. hafnalaga, nr. 61/2003.

Gjaldskráin er við það miðuð að Hafnarsjóður Húnaþings vestra geti haft nægar tekjur til þess að standa undir rekstri hafna, sbr. 5. tölul. 3. gr. hafnalaga.

Gjaldskráin tekur breytingum samkvæmt ákvörðun hafnarstjórnar hverju sinni.

Virðisaukaskattur eins og hann er hverju sinni, nú 24%, leggst á öll gjöld við útgáfu reikninga.

Um hafnagjöld.

2. gr.

Við ákvörðun hafnagjalda samkvæmt stærð skipa skal miða við brúttótonnatölu skipa samkvæmt alþjóðlegu mælibréfi, sem gefið er út eftir ákvæðum alþjóðasamþykktarinnar um mælingu skipa frá 1969.

3. gr.

Af öllum skipum skal greiða tilheyrandi gjöld til hafnarsjóðs, ef þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar og njóta þjónustu hennar.

Lestargjöld.

4. gr.

Af öllum skipum skal greiða lestargjald 18,40 kr. á mælieiningu skv. 2. gr. en þó ekki oftar en tvisvar í mánuði. Undanþegin eru varðskip og skip sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, einnig skip sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

Bryggjugjöld.

5. gr.

Af öllum skipum sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka skal greiða 5,70 kr. á mælieiningu fyrir hverja byrjaða 24 tíma sem skip liggur bundið. Innheimt er lestar- og bryggjugjald af fiskiskipum og minni bátum, sem mánaðargjald, 113,70 kr. á mælieiningu, en þó aldrei lægra en 12.970 kr. á mánuði. Bátar minni en 20 bt greiði þó aldrei lægra en 8.440 kr. á mánuði.

Vörugjöld.

6. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum sem fluttar eru af skipsfjöllum á land eða úr landi á skipsfjöllum, eða úr einu skipi í annað, innan takmarka hafnarinnar, þó með þeim undantekningum er síðar getur. Farmflytjandi skal skila farmskrá og öðrum nauðsynlegum gögnum til Hvammstangahafnar, vegna álagningar vörugjalda.

7. gr.

Fyrir vörur sem samkvæmt farmskrá skips eru ákveðnar til annarrar hafnar, innlendrar eða erlendrar, en eru láttnar á land um stundarsakir, skal aðeins greitt vörugjald þegar vörurnar eru fluttar í land. Undanþegnar þessu gjaldi eru vörur sem láttnar eru á land um stundarsakir vegna skemmda á skipi.

8. gr.

Af vörum sem fluttar eru á skip og fara eiga til annarra hafna innanlands greiðist hálfvörugjald.

Af vörum sem koma frá útlöndum og fara eiga áfram til útlanda er innheimt fullt vörugjald þegar vörurnar eru fluttar í land.

9. gr.

Þessar vörur eru undanþegnar vörugjaldi:

- Umbúðir sem endursendar eru.
- Olía, vistir og aðrar nauðsynjar skipa til eigin notkunar.
- Almennar póstsendingar og farangur ferðamanna.
- Úrgangur sem fluttur er til eyðingar.

10. gr.

Vörugjald reiknast eftir þyngd eða verðmæti, með umbúðum og af hverri sendingu sérstaklega. Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds. Skipstjóra eða afgreiðslumanni skips er skylt að láta hafnarverði í té afrit af farmskrá. Sé engri farmskrá til að dreifa skal skipstjóri gefa drengskaparvottorð um vörumagn sem fermt hefur verið eða affermt úr skipi hans. Þyki hafnarstjóra ástæða til getur hann hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt sem hann telur hentugast. Reynist vörumagnið vera meira en upp er gefið greiðir farneigandi kostnaðinn. Séu fleiri en ein vörutegund í sendingu ósundurliðað skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund sem hæst gjald skal greiða af.

11. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því sem vörugjaldskrá tiltekur og gjaldið greiðist eins og þar segir:

Vörugjaldskrá:

- fl.: Gjald 345 kr. fyrir hvert tonn:
Kol, laust korn, salt, vikur, kísilgúr, bensín, brennsluolíur, þörungamjöl, sement, áburður og úrgangur sem fluttur er til endurvinnslu.
- fl.: Gjald 650 kr. fyrir hvert tonn:
Lýsi og fiskimjöl.
- fl.: Gjald 715 kr. fyrir hvert tonn:
Þungavarningur, svo sem sekkjavörur, óunnið járn og stál, veiðarfæri, smurningsolíur, sjávarafurðir, landbúnaðarafurðir, hráefni til iðnaðar og byggingaframkvæmda. Þökkuð og niðursoðin matvæli, óáfengar drykkjarvörur og ávextir.
- fl.: Gjald 2,1%. Sjávarafli lagður á land eða í skip á hafnarsvæðinu til vinnslu eða brottflutnings, þ.m.t. fiskur og seiði úr eldiskvíum. Gjaldið reiknast af heildarverðmæti aflans. Gjald af frystum afla frystitogara og eldisfiski reiknast af helmingi heildarverðmætis. Gjald af saltfiski reiknast miðað við tvöfalda þyngd og gjald af gámafiski reiknast af áætluðu heildarverði.
Seljanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra skýrslu um seldan afla um leið og sala hefur átt sér stað, t.d. afrit af aflaskýrslu til Fiskistofu. Aflagjaldið fellur í gjalddaga um leið og afla er landað.
Seljandi ber skil á greiðslu aflagjalds.
Hámarksgjald samkvæmt lið þessum er 6.720 kr. fyrir hvert tonn.
Lágmarksgjald í öllum flokkum er 230 kr.

Farþegagjöld.

12. gr.

Farþegagjald skal greiða af hverjum farþega ferðapjónustubáta og skemmtiferðaskipa, 200 kr. á farþega samkvæmt heimild í 2. tölul. 2. mgr. 17. gr. hafnalaga. Skipstjóri, umboðsmaður eða eigandi farþegaskips eða útsýnisbáta skal afhenda hafnaryfirvöldum upplýsingar um farþegafjölda til innheimtu gjaldsins. Skulu þeir skila upplýsingum um farþegafjölda mánaðarlega, eigi síðar en 10. hvers mánaðar.

Geymslugjöld.

13. gr.

Leiga fyrir gáma og aðra hluti á geymslusvæði skal vera eftirfarandi:

Geymsla fyrir 20 feta gám 3.560 kr. á mánuði.

Geymsla fyrir 40 feta gám 4.730 kr. á mánuði.

Geymsla á ómalbikuðu svæði við Hafnarbraut 9–11 fyrir veiðarfæri, tæki/vagna og aðra muni 164 kr. á fermetra á mánuði.

Rafmagn.

14. gr.

Raforkusala:

Tengigjald: Fari tenging fram utan dagvinnutíma greiðist tengigjald 19,10 kr./kWst.

Úrgangsgjöld.

15. gr.

Samkvæmt lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda, nr. 33/2004, og reglugerð nr. 1200/2014 ber skipstjóri ábyrgð á að úrgangi frá skipi sé skilað til hafnar eða viðurkennds þjónustuaðila áður en látið er úr höfn.

Skipstjóri, eigandi skips eða þjónustuaðili skal undantekningarlaust skila fyrir komu skips til hafnar útfylltu eyðublaði til hafnarinnar um magn og tegund þess úrgangs sem skilað skal á land. Misbrestur á því getur leitt til tilkynningar til Umhverfisstofnunar.

Skip sem óskar eftir að Hvammstangahöfn taki á móti úrgangi skal tilkynna um það að lágmarki 48 klst. fyrir komu til hafnar.

Fyrir öll skip sem falla undir 11. gr. c í lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda, nr. 33/2004, skal greiða eftirfarandi vegna úrgangs; (undanþegin gjaldtöku skv. 1. mgr. eru fiskiskip, skemmtibátar sem ekki mega flytja fleiri en 12 farþega, herskip, hjálparskip í flota, skip sem þjónusta fiskeldi, skip í ríkiseign og skip í ríkisrekstri sem nýtt eru í þágu hins opinbera).

Úrgangsgjald: Við komu skips til hafnar skal skip greiða 1,10 kr. á bt. Gjald þetta skal standa undir eftirliti og umsýslu hafnar vegna móttöku og förgunar á úrgangi. Lágmarksgjald samkvæmt þessum lið er 7.670 kr. og hámarksgjald 64.270 kr. Lágmarksgjald er ávallt greitt þótt engum úrgangi sé skilað á land.

Annist höfnin móttöku á spilliefnum eða sérstökum úrgangi sem hefur í för með sér kostnað umfram förgun á almennu sorpi greiðir viðkomandi aðili þann kostnað sem til fellur.

Sorphirðugjöld annarra skipa og báta:

Bátar 20–100 bt á mánaðargjaldi 1.430 kr. á mánuði

Bátar yfir 100 bt á mánaðargjaldi 7.175 kr. á mánuði.

Hafnsaga.

16. gr.

Fyrir leiðsögu til hafnarinnar, að bólvirki eða lægi skal greiða að lágmarki 27.500 kr. pr. skip. Fyrir flutning hafnsögumanns (lóðs) skal greiða að lágmarki 24.920 kr. pr. skip. Verði útlagður kostnaður hafnarsjóðs vegna hafnsögu einstakra skipa hærri en nemur ofangreindum upphæðum er heimilt að innheimta gjald samkvæmt útlögðum kostnaði.

Vatnsgjöld.

17. gr.

Gjald pr. selt tonn af köldu vatni, afgreitt frá bryggju 355 kr. (lágmark 10 tonn).

Afgreiðslugjald 3.810 kr. hvert skipti.

Móttaka skipa.

18. gr.

Festargjöld fyrir hverja afgreiðslu 8.695 kr. á dagvinnutímabili.

Festargjald fyrir hverja afgreiðslu 13.015 kr. utan dagvinnutímabils.

Séu fleiri en einn maður við afgreiðslu er gjald fyrir hvern aukamann 12.950 kr. á dagvinnutímabili og 13.280 kr. utan dagvinnutímabils.

Greiða skal festargjald bæði við komu og brottför skipa. Þegar skip leggur að bryggju skal a.m.k. einn starfsmaður hafnarinnar taka á móti því. Heimilt er að veita undanþágu frá þessari reglu í sérstökum tilfellum.

Vogargjöld.

19. gr.

Almenn vigtun á sjávarfangi 205 kr. fyrir hvert tonn.

Lágmarksgjald fyrir einstaka vigtun 1.230 kr.

Vigtun ökutækja 2.590 kr.

Yfirvinna vigtaraðila 5.570 kr.

Kranagjald 418 kr. fyrir hvert tonn (þeir sem nota löndunarkrana hafnarinnar).

Fyrir vigtun á milli 16.00 og 19.00 er ekki innheimt aukalega. Ef nauðsynlegt reynist að ræsa út mann til vigtunar eftir kl. 19.00 og til 08.00 næsta dag, svo og laugardaga og sunnudaga og aðra helgidaga, er innheimt fyrir 4 tíma í yfirvinnu. Gjaldið deilist á milli báta, séu fleiri en einn að landa á svipuðum tíma.

Hafnverndargjald.

20. gr.

Af hverju skipi sem leggst við verndaða hafnaraðstöðu skal greiða sérstakt öryggisgjald.

Öryggisgjald fyrir hverja skipakomu 30.880 kr.

Öryggisgæsla pr. öryggisvörð í dagvinnu 4.020 kr.

Öryggisgjald pr. öryggisvörð í yfirvinnu 7.380 kr.

Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.

21. gr.

Vörugjald greiðist af öllum vörum sem eru affermdar, afhentar eða fluttar, eða á annan hátt komið sjóleiðis eða landleiðina, inn fyrir mörk hafnarinnar. Vörugjaldið reiknast skipi til skuldar áður sem skip hefur siglingu, nema sérstaklega sé samið um annað. Vörugjald er á ábyrgð farmflytjanda og er afhending vöru án greiðslu vörugjalds á hans ábyrgð.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað greiðir sá vörugjaldið sem affermir.

Vörugjald af vörum sem koma til hafnarinnar fellur í gjalddaga þegar skipið sem vörurnar flytur er komið í höfnina og vörugjald af vörum sem fluttar eru úr höfninni fellur í gjalddaga þegar vörurnar eru komnar í skip. Skipstjóra og afgreiðslumanni skips er óheimilt að afhenda vörurnar fyrr en gjaldið er greitt.

22. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má ávallt tryggja með aðför að undangengnum dómi.

Skipagjöld eru tryggð með lögveði í viðkomandi skipi eða váttryggingarfé. Gengur það veð í tvö ár fyrir sammingsveðkröfum, sbr. ákvæði 2. mgr. 21. gr. hafnalaga, nr. 61/2003. Hafnarsjóði Húnaþings vestra er heimilt að krefjast frekari trygginga fyrir greiðslu áfallinna gjalda ef ástæða þykir til.

23. gr.

Öll gjöld í gjaldskrá þessari eru án virðisaukaskatts. Hafnarsjóði Húnaþings vestra er skylt að innheimta virðisaukaskatt af öllum gjöldum í gjaldskrá þessari, sbr. 3. tölul. 3. gr. laga um virðisaukaskatt, nr. 50/1988.

24. gr.

Vegna mengunarslysa skal tjónvaldur greiða allan þann kostnað sem af hlýst, svo sem endurnýjun á mengunarvarnarbúnaði, vinnu hafnarstarfsmanna samkvæmt gjaldskrá um útselda tímaeiningu, slökkvilið og aðra sem að koma samkvæmt gjaldskrá þeirra eininga.

Gildistaka.

25. gr.

Gjaldskrá þessi fyrir Hvammstangahöfn - Hafnarsjóð Húnaþings vestra er samþykkt á 385. fundi sveitarstjórnar Húnaþings vestra 14. nóvember 2024 samkvæmt hafnalögum, nr. 61/2003, og 37. gr. reglugerðar um hafnamál, nr. 326/2004.

Gjaldskráin öðlast gildi 1. janúar 2025 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur út gildi gjaldskrá fyrir Hvammstangahöfn - Hafnarsjóð Húnaþings vestra nr. 1322/2023.

Húnaþingi vestra, 3. desember 2024.

Unnur Valborg Hilmarsdóttir sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 17. desember 2024